

**Stjórnarfundur Sambands orkusveitarfélaga  
16. desember 2011. Grindavík kl.14:00**

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum.
2. Stofnfélagalisti.
3. Starfsáætlun stjórnar.
4. Fasteignarskattar orkufyrirtækja –undanþágur.
5. Samskipti við aðra aðila.

**1. Stjórn skiptir með sér verkum**

Tillaga um að það verði kosinn varaformaður, gjaldkeri og ritari.

Samþykkt var eftirfarandi verkaskiptir.

Varaformaður – Eydís Indriðadóttir

Ritari – Bryndís Gunnlaugsdóttir

Gjaldkeri – Stefán Bogi Sveinsson

**2. Stofnfélagalisti**

Lagður er fram listi yfir stofnfélaga og þeir eru eftirfarandi:

1. Ásahreppur
2. Bláskógabyggð
3. Fljótshálsa
4. Flóahreppur
5. Grindavíkurbær
6. Grímsnes- og Grafningshreppur
7. Hafnarfjarðarbær
8. Hrunamannahreppur
9. Húnavatnshreppur
10. Rangárþing Ytra
11. Reykjanesbær
12. Seltjarnarnesbær
13. Seyðisfjörður
14. Skeiða- og Gnúpverjahreppur
15. Skútustaðahreppur
16. Sveitarfélagið Ölfus
17. Þingeyjarsveit

Formaðurinn mun senda til stofnfélaga ítrekun um að senda inn formlega staðfestingu á aðild. Samþykkt að framlengja frest til að staðfesta aðild sem og óska eftir aðild til loka janúar.

Fljótshálsa hefur óskað eftir því að verða stofnaðili og er þeim hér með bætt við listann yfir stofnfélaga Sambands orkusveitarfélaga.

**3. Starfsáætlun stjórnar**

Fyrsta skref er að ganga frá því að stofna félagið formlega og fá kennitölu. Undirritaðir voru allir nauðsynlegir pappírar og Bryndís mun sjá um að fá þær undirskriftir sem vantar og fara með gögnin í fyrirtækjaskrá RSK.

Fyrsta mál á dagskrá er að setja niður fundi fram að næsta aðalfundi.

17.febrúar - Húnavatnshreppur

30.mars - Ölfus

25.maí – Fljótsdalshérað

7.september - Ásahreppur

#### **4. Fasteignaskattar – undanþágur v/orkufyrirtækja**

Mikilvægt að skoða þetta mál sem fyrst.

Spurning um að sveitarfélag krefist þess að fá fasteignamat á mannvirki sem eru undanþegin fasteignaskatti – þá er hægt að koma hreyfingu á málið. Einnig hægt að ræða við ríkisvaldið og fara beint til fjármálaráðherra og ræða málin. Sjá hver þeirra vilji er.

Nauðsynlegt er að safna saman upplýsingum um þessi mál og undanþágur sem eru í gildi varðandi fasteignaskatta. Stefán Bogi mun athuga hvort unnin hafi verið álitserð um þetta efni hjá Fljótsdalshéraði.

Stefán Bogi leggur til að leitað sé lögfræðilíts varðandi gildi undanþágunnar og hvort hún standist samkeppnisrétt og evrópurétt.

Samþykkt að skoða hvað slík greinargerð myndi kosta og hafa samband við nokkra sérfræðinga og vera í sambandi við stjórnarmenn í framhaldinu.

Almennar umræður um hvernig arður af orkufélögum á að skila sér til sveitarfélaga/ríkisins.

#### **5. Samskipti við aðra aðila**

Tryggvi telur gott að heimsækja norsku samtökin einhvern tímann. Þeir eru komnir langt í þessum þælingum og stjórnvöld ítrekað nefnt að horfa ætti til Noregs í orkumálum.

Stefán Boga, gjaldkeri SO er falið að ræða við Sambandið um atriði er snerta þjónustu þess við SO.

Stefán Bogi leggur til að sent verði bréf til fjármálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytisins, umhverfisráðuneytið, forsætisráðuneytið, atvinnumálanefnd, umhverfis- og samgögnunefnd og efnahags- og viðskiptanefnd. Bryndís mun gera uppkast að bréfi. Einnig er ákveðið að senda út fréttatilkynningu um sambandið.

**Fundi slitið um 15:45**

**Fundargestum var síðan boðið í kynnisferð um Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi.**